

Þingsályktun

**um samstarf milli slysavarnafélaga og björgunarsveita á sjó og landi
í vestnorrænu löndunum.**

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að gera samkomulag við landsstjórnir Færeyja og Grænlands um að stuðla að og styrkja samstarf slysavarnafélaga og björgunarsveita á sjó og landi í löndunum þremur.

Samþykkt á Alþingi 15. maí 2008.